

Ed.

76. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, breytist á þessa leið:

1. mgr. orðist svo: Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

3. mgr.: Niður falli í lok málsgreinarinnar orðin: „og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.“

4. mgr. orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskóla- stofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslu- stjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað.

5. mgr.: Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Rektor, háskólaritari eða kennslu- stjóri leysa úr þeim málum,

2. gr.

3. gr., 6. mgr., breytist á þá lund, að á undan orðunum: „Ef varaforseti er forfallaður“ komi ný setning, svohljóðandi: Varaforseti háskólaráðs gegnir og störf- um rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

3. gr.

4. gr., 1. mgr.: Næst síðasta setning málsgreinarinnar orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögu- rétt, en ekki atkvæðisrétt.

4. gr.

Upphaf 7. gr., 1. mgr. orðist svo: Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslu- stjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

5. gr.

8. gr. orðist svo: Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfs- hætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

6. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan há- skóladeilda. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samþykktir, sem gerðar hafa verið í háskólaráði, og er að meginefni tvíþætt: Annars vegar er um að ræða breyting á stjórnarsýslu Háskóla Íslands með stofnun embættis kennslustjóra, auk þess sem sett eru ákvæði um skipan rektorsstarfa í forföllum. Hins vegar er gert ráð fyrir, að lögfest verði heimild til stofnunar námsbrauta innan háskólans fyrir sérmenntun, sem ekki fellur með eðlilegum hætti undir verksvið einstakra háskóladeilda.

Um það efni, sem fyrr var talið, þ. e. breyting á stjórnarsýslu háskólans, var stjórnarfrumvarp flutt á Alþingi haustið 1972, á 92. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt að því sinni. Eru fimm fyrstu greinarnar í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, samhljóða efnisgreinum þess frumvarps. Í athugasemdum við frumvarpið var vitnað til greinargerðar frá háskólanum, þar sem sagði m. a.:

„Tillögur um breytingar á 2., 4., 7. og 8. gr. eru gerðar vegna mjög brýnna þarfa á eflingu yfirstjórnar háskólans, sem verið hefur óbreytt um langt árabil, þrátt fyrir margföldun á fjölda stúdenta, kennara, húsa- og tækjakosti.

Gert er ráð fyrir stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara að öllu leyti, enda er gert ráð fyrir nánu samstarfi þeirra. Ráð er gert fyrir nokkurri verkaskiptingu milli þeirra, en reynslan mun móta hana enn frekar. Tilkoma kennslustjóra mun létta nokkrum störfum af háskólaritara, en þó mun meiru af daglegum störfum rektors.

Breyting á 3. gr. er til komin vegna þess, að í háskólalög vantar ákvæði um það, hver gegna skuli störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær tímabundið leyfi frá störfum. Lögin gera ráð fyrir því, að falli rektor frá eða láti af embætti gegni varaforseti háskólaráðs rektorsstörfum, uns nýr rektor hefur verið kjörinn. Því verður að teljast eðlilegt að varaforseti háskólaráðs gegni einnig störfum rektors í veikindaforföllum eða leyfum.“

Í athugasemdunum var síðan nánar rakin sú öra umfangsaukning, er orðið hefði á starfsemi Háskóla Íslands á undanförunum árum og gerði það að verkum, að nauðsyn bæri til að styrkja stjórnarsýslu stofnunarinnar. Hefur síð dregið úr þeirri nauðsyn síðan umrætt frumvarp var lagt fram. Nemendafjöldi háskólans hefur tvöfaldast frá árslokum 1968 og er á þessu háskólaári um 2600. Samtímis hefur orðið stórfelld aukning á kennaraliði, jafnframt því að fjölbreytni í starfsemi stofnunarinnar hefur aukist með tilkomu nýrra kennslusviða.

Tillagan um lögfesting heimildar til stofnunar námsbrauta, sem er annað meginefni þessa frumvarps, er fram komin í tengslum við undirbúning reglugerðarákvæða um námsbraut í hjúkrunarfræðum, en kennsla á því sviði hófst haustið 1973 með bráðabirgðaskipan innan vébanda læknadeildar. Nefnd, sem skipuð var til að semja drög að reglugerðarákvæðum um þetta nám, taldi æskilegt, að sett yrði í lög um háskólann heimild til stofnunar sérnámsbrauta. Háskólaráð hefur fallist á þetta sjónarmið með samþykkt þeirrar tillögu, er felst í 6. gr. frumvarpsins. Eins og þar kemur fram, er gert ráð fyrir, að heimildin verði notuð, þegar um er að ræða nám, sem ekki verður með hentugum hætti komið fyrir innan háskóladeilda. Minna má á, að sjálfstæð námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum var stofnuð með sérstakri laga-setningu árið 1970. Um þessar mundir eru ýmsar nýjar sérnámsleiðir til athugunar, þótt endanleg afstaða hafi ekki verið tekin til stofnunar þeirra eða staðsetningar, en ljóst virðist, að ástæða sé til að afla almennrar lagaheimildar af því tæi, sem hér er gerð tillaga um. Leggja ber áherslu á, að þótt um verði að ræða sjálfstæðar námsbrautir, er ekkert því til fyrirstöðu að kveðið verði á um meiri eða minni tengsl þeirra við háskóladeildir, eina eða fleiri eftir því sem hagkvæmt kann að þykja í hverju tilviki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingarnar á 2. gr. laga nr. 84/1970 lúta að stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara. Mælt er fyrir um verksvið þeirra í meginatriðum og jafnframt gert ráð fyrir nokkurri breytingu á hlutverki rektors í því skyni að létta nokkuð af honum daglegum stjórnsýslustörfum. Er að því stefnt, að rektor veitist með þeim hætti meira tóm til að vinna að mörkun heildarstefnu í starfsemi háskólans, svo og almennu eftirlits- og samræmingarstarfi.

Um 2. gr.

Breytingin miðar að því að setja skýr ákvæði um meðferð rektorsembættisins, ef rektor þarf að hverfa frá störfum um stundarsakir. Um þetta er ekki beint kveðið á í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að kennslustjóri eigi sæti á fundum háskólaráðs með sama hætti og háskólaritari.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér, að sami háttur verði á skipun kennslustjóra og er um háskólaritara.

Um 5. gr.

Hér er kennslustjóra bætt í hóp þeirra stjórnsýsluaðila, sem heimilt er að setja nánari ákvæði um í reglugerð.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er það forsenda stofnunar námsbrautar, að því sérhæfða námi, sem um er að tefla, verði ekki með eðlilegum hætti komið fyrir innan háskóladeilda. Áskilið er samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um náms-tilhöggun og stjórn námsbrautarinnar. Að sjálfsögðu er fjárveiting á fjárlögum og skilyrði námsbrautarstofnunar.

Eðlilegt er að nánari ákvæði um skipan námsbrautar séu sett í reglugerð svo sem er um háskóladeildir.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.